




 Skipulagsstofnun
Mótt.: 30 júní 2025
Málnr. _____

Reykjavík, 27. mars 2025
USK25030265

Tillaga að breytingu á skilmálum **deiliskipulags Kvosarinnar** vegna lóðar nr. 7 við Aðalstræti



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040



Skýringarmynd: Fyrir og eftir skilmálabreytingu

Skipulag í gildi

Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040. Samkvæmt aðalskipulaginu er Aðalstræti 7 í skilgreindum miðborgarkjarna M1a.

Í gildi er deiliskipulag fyrir Kvosina, samþykkt í borgarstjórn þann 1. október 1987 ásamt síðari breytingum. Nýjasta breytingin fyrir Aðalstræti 7 var samþykkt þann 3. ágúst 2023.

Breytingartillaga

Breytingin nær til lóðar nr. 7 við Aðalstræti. Ekki er gerð breyting á öðrum lóðum. Markmiðið með skilmálabreytingunni er að heimila meira svigrúm við gerð kvista á húsinu, þó innan ákveðinnar hámarksstærðar. Að öðru leyti eru skilmálar óbreyttir.

Húsið er byggt árið 1881 og er því friðað vegna aldurs, skv. lögum um menningarminjar nr. 80/2012. Umsögn Minjastofnunar Íslands fylgir tillögunni og gerir stofnunin ekki athugasemd við breytinguna. Minjastofnun mun staðfesta samþykki sitt þegar aðaluppdrættir og verkteikningar að nánari útfærslu kvists liggja fyrir.

Skilmálar fyrir breytingu:

„Heimilt er að gera þrjá litla kvisti á þak til norðurs, þeir skulu ekki vera breiðari en 130 sm.“

Skilmálar eftir breytingu:

„Heimilt er að gera allt að þrjá litla kvisti á þak til norðurs og skal samanlögð heildarbreidd þeirra ekki vera meiri en 390 sm.“

Deiliskipulagsbreyting þessi, sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 2. mgr. 43 gr. skipulagslaga

nr. 123/2010, var samþykkt á embætti f. skipulagsfulltrúa þann 27. mars 2025

Til samræmis við heimild í 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var breytingin ekki grenndarkynnt þar sem hún varðaði ekki hagsmuni annarra en Reykjavíkurborgar og/eða umsækjanda.

Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann 26. júní 2025


Brynjar Þór



Reykjavík